Námsáætlun

Kennari:	**Hanna Lára Baldvinsdóttir**
Áfangi/fag:	**LÍFS1NS05 – Lífsleikni – náms- og starfsfræðsla**

Stutt lýsing

Skoðum hvaða nám er í boði, hvaða möguleikar eru eftir Hringjsá. Áhugasviðskönnun (Bendill), styrkleikar, viðhorf, gildi, færni og samvinna. Farið verður í gerð ferilskráa og kynnisbréfa, atvinnuviðtal æft.

Undanfari: enginn.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Áfangakerfi framhaldsskóla
- Framboði á námi og fyrirkomulagi
- Áhugasviði og stefnu varðandi nám og störf.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Leita upplýsinga um nám og störf
- Taka þátt í umræðum og tjá eigin skoðanir, jafnframt að tjá sig fyrir framan nemendahópinn
- Þekkja eigin styrkleika og veikleika
- Sýna samkennd, ábyrgð og virðingu
- Vinna með ólíku fólki í hóp

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja sér raunhæf markmið sem tengjast námi og starfi
- Eiga góð samskipti við aðra
- Taka ábyrgð á eigin námi

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd..
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur.

Námsmat

Mæting, virkni og tímaverkefni:	20%
Hópverkefni, glærur og kynning	30%
Ferilskrá og kynningabréf:	30%
Einstaklingsverkefni	20%
Samtals	**100%**

Nemandi þarf að ná 80% mætingu til að ljúka áfanga.
Ásamt því þarf nemandi að ná að lágmarki 4,5 í meðaleinkunn úr verkefnum til að standast áfangann.